

Húsnæðislána-kerfi á villigötum

eftir Kristínu Einarsdóttur

Í kjarasamningum í febrúar 1986 varð m.a. að samkomulagi að aðilar vinnumarkaðarins beittu sér fyrir breytingu á húsnæðislánakerfinu, með það að markmiði að gera það einfaldara og réttlátara. Auk þess og ekki síst gerði hluti samkomulagsins ráð fyrir að verulega aukið fjármagn kæmi frá lífeyrissjóðum landsmanna. Um vorið voru samþykkt lög á Alþingi um breytt húsnæðislánakerfi sem að mestu byggðu á hugmyndum aðila vinnumarkaðarins.

Augljósir gallar á kerfinu

Strax í upphafi voru Kvinnalístakonur óánægðar með ýmislegt varðandi breytingar á lögnum, m.a. að ekki var tekið á öðrum þáttum húsnæðislánakerfisins en eignabúðaforminu s.s. leigubúðum, búseturéttaríbúðum og verkamannabústöðum. Einnig var þá strax bent á að fjármögnun kerfisins væri í mikilli óvissu. Það þarf sjálfsagt ekki að rekja þá sögu. Nú er svo komið að biðtími eftir lánnum er 18 mánuðir fyrir

þá sem eru að eignast sína fyrstu íbúð.

Breytingar í aðsigi

Í lok ágúst ákvað Húsnæðismálastjórn að ekki væri seinna vænna að reyna að gera sér grein fyrir þeim breytingum sem gera þyrfti á húsnæðislaggjöfinni til að sporna við þeirri miklu eftirspurn sem er eftir lánsfé. Ennfremur að koma í veg fyrir að stóreignafólk fái lán á meðan þeir sem nánast eru á götunni þurfa að bíða eftir lánnum í það langan tíma að hann mælist í árum.

Þriggja manna hópur stjórnarmanna var settur í að vinna að tillögum. Um sama leyti kom ósk frá félagsmálaráðherra um tilnefningu í nefnd á vegum ráðuneytisins sem skyldi vinna að sama verkefni. Það var því tilefni til mikillar bjartsýni. Nú skyldi málið tekið föstum tókum og unnið vel.

Fyrstu tillögur

Nefnd Húsnæðismálastjórnar lagði fljótlega tillögur fyrir Húsnæðismálastjórn sem aðallega miðuðu að því að draga úr sjálfvirkni kerfisins, óeðlilegri eftirspurn og stytta biðtímann fyrir þá sem eru að eignast sína fyrstu íbúð. Mér leist í fljótu bragði vel á tillögurnar sem sumar kröfðust

lagabreytinga. Sjálfsagt þótti að athuga tillögurnar nánar og meta hvað þær hefðu í för með sér, flana ekki að neinu eins og alltof oft hefur verið gert í þessum málum.

Flausturslegar ákvarðanir

Þann 8. september var boðaður fundur í Húsnæðismálastjórn. Strax í upphafi fundarins fékk ég í hendur tillögur þær sem fundinum var ætlað að afgreiða um breytinir á húsnæðislánakerfinu. Þetta voru að hluta til alveg nýjar tillögur sem aldrei höfðu verið ræddar í Húsnæðismálastjórn og komu ekki frá undirnefnd Húsnæðismálastjórnar þótt hluti tillagnanna væri byggður á hugmyndum hennar.

Við nánari athugun á tillögnum kom í ljós að fyrirhugaðar breytingar höfðu hverfandi áhrif á biðtíma þeirra sem lagt hafa inn umsóknir og eftir er að svara. Einnig var ljóst að tillögurnar fólu ekki í sér neina lausn á fjárhagsvanda kerfisins. Lausleg athugun benti einnig til þess að breytingar innan ramma núgildandi laga myndu stytta biðtíma þeirra sem eru að eignast sína fyrstu íbúð meira en nýju tillögurnar gerðu ráð fyrir.

Í þessum málum er alls ekki



Kristín Einarsdóttir

verjandi að vera með flausturslegar ákvarðanir, ákvarðanir sem gætu haft þveröfug áhrif miðað við það sem þeim var ætlað. Það ætti því að vera ljóst að mikil áhætta fylgir því að breyta reglunum nú.

Breytinga er þörf

Ég held að fáir sem til þekkja mótmæli því að breytinga er þörf á húsnæðislánakerfinu þrátt fyrir tiltölulega ný lög. Félagsmálaráðherra hefur boðað að fljótlega sé von á frumvarpi um breytingar á húsnæðislánakerfinu og þá vonandi til batnaðar að sem flestra dómi. Lánakerfið á að vera þannig að fólk geti vitað um rétt sinn, en það sé ekki í höndum fárra manna að ákveða hvort fólk fær lán og hvenær. Það vill enginn hverfa aftur til þeirra tíma þegar aðalhlutverk Húsnæðismálastjórn-

ar var að úthluta lánnum til einstaklinga.

Hvers vegna bráðabirgðalög?

Það sem vekur athygli í þessu máli fyrir utan flumbruganginn er að ráðherra skuli láta sér detta í hug að setja svo illa undirbúin bráðabirgðalög aðeins einum mánuði áður en þing á að koma saman. Er svo brýnt að breyta lögnum að það réttlæti setningu bráðabirgðalaga? Er ekki rétt að undirbúa málið vel og ætlast til þess að þingið afgreiði málið tiltölulega fljótt strax í upphafi? Það hefur hingað til ekki þótt neitt tiltökumál að þingmenn afgreiði frumvörp og þau fleiri en eitt á fáum dögum í lok þings, þó ég sé alls ekki að mæla með slíkum vinnubrögðum.

Langtímalausnir krefjast nýrra vinnubrögða

Hingað til hafa vinnubrögð varðandi húsnæðismálin verið með þeim eindæmum að varla hefur verið hægt að gera sér grein fyrir því hvað framundan er. Geðþótta-ákvarðanir og ónákvæm vinnubrögð hafa verið alltof áberandi í allri ákvarðanatöku hingað til. Íslenskir húsbýggjendur og íbúðakaupendur eiga annað og betra skilið en að lögum verði breytt enn einu sinni án þess að ljóst sé hvernig fyrirkomulag og framkvæmd eigi að vera. Nú er kominn tími til að breyta vinnubrögðum — við verðum að byrja til framtíðarinnar þegar ákvarðanir eru teknar.

*Höfundur er þingkona og fráfara-
andi fulltrúi Kvinnalista í
Húsnæðismálastjórn.*